

## REYKJAVÍK SEM ÁFANGASTAÐUR

Þórhallur Guðlaugsson, dósent, Háskóli Íslands

Tilgangur rannsóknarinnar er að draga fram þá þætti sem hafa áhrif á aðdráttarafli Reykjavíkur sem áfangastaðar meðal Bandarískra ferðamanna. Í heildarrannsókninni eru settar fram 10 tilgátur en í fyrirlestrinum er aðeins fengist við þrjár af þeim sem eru: a) Þeir sem hafa komið til Íslands áður eru líklegri til að heimsækja Reykjavík í framtíðinni en aðrir, b) Þeir sem hafa komið til Reykjavíkur áður eru líklegri en aðrir til að heimsækja Reykjavík í framtíðinni og c) Þeir sem hafa komið til Íslands áður hafa alla jafna einnig komið til Reykjavíkur. Byggt er á spurningakönnun sem send var á einstaklinga sem höfðu skráð sig á póstlista Icelandair annars vegar og verkefnisins Iceland Naturally hins vegar og var könnunin send út í nóvember 2014. Spurningalistinn innihélt 22 spurningar og var heildarfjöldi gildra svara 21.184. Þar af voru Bandaríkjamenn 10.219. Til að fást við fyrri tvær tilgáturnar var notað Anova próf en hvað þriðju tilgátuna varðar var notað ki-kvaðrat próf. Niðurstöður sýna stuðning við fyrstu tilgátuna en því oftast sem svarendur höfðu komið áður til Íslands, því líklegri voru þeir til að heimsækja Reykjavík í framtíðinni. Einnig fæst stuðningur við aðra tilgátuna en því oftast sem svarendur höfðu komið áður til Reykjavíkur, því líklegri eru voru til að heimsækja Reykjavík í framtíðinni. Þriðja tilgátan fær einnig stuðning en fram komu tengsl á milli þess að svarendur höfðu komið til Íslands áður og þess að þeir höfðu komið til Reykjavíkur áður. Niðurstöður benda til þess að upplifun svarenda virðist vera jákvæð þar sem tíðni heimsókna, hvort sem það er til Íslands eða aðeins til Reykjavíkur, hefur jákvæð áhrif á líkurnar fyrir því að viðkomandi heimsæki Reykjavík í framtíðinni. Einnig kemur fram að Reykjavík er mikilvægur áfangastaður þar sem Reykjavík er í yfirgnæfandi fjölda tilvika viðkomustaður þeirra sem sækja Ísland heim.